

Listaháskóli Íslands  
Tónlistardeild  
Skapandi tónlistarmiðlun

# **Tónlistarheimur barna**

Hrafnhildur Hafliðadóttir  
Leiðbeinandi: Elín Anna Ísaksdóttir  
2013

## Útdráttur

Tónlist er stór og mikilvægur þáttur í lífi fólks, bæði sem skemmtun og líka við hátíðlegar athafnir. Flestir hlusta á hana og hafa skoðanir á henni. Það er samt mikill vandi að kenna tónlist og þá sérstaklega á hljóðfæri. Einkakennslan hefur verið gagnrýnd fyrir að vera stöðnuð og of einhæf. Lagavalið þykir eingöngu hæfa takmörkuðum hóp nemenda en fæli alla aðra í burtu. Einnig vantar að lagavalið tengist tónlistarþekkingu barna. Rannsóknir sýna að börn tengja tónlist heima við skemmtun en tónlist í skóla við vinnu. Það er nauðsynlegt að leyfa börnunum að spila lög sem þau þekkja og tengja við. Börn eiga að fá að tjá sig um það sem þeim við - kemur.

Í fyrsta kafla fjalla ég um hvaða þættir í samfélaginu móta tónlistarsmekk barna. Einnig fjalla ég almennt um tónlistarkennslu og þá þætti sem skipta mestu máli til að kennslan verði sem arðbærust. Þá verður fjallað sérstaklega um áhuga barna og hvernig það hefur áhrif á virkni þeirra. Í öðrum kafla verður fjallað um niðurstöðu viðtala sem ég gerði á 10 ára börnum. Fyrst kemur kafli um hvaðan og hvar þau hlusta á tónlist og svo verður fjallað um þá tónlist sem er vinsælust meðal þeirra. Að lokum verður fjallað um kunnáttu þeirra á hljóðfæri. Í þriðja kafla verður fjallað um álit kennara á tónlistarkennslu og hvort að það eigi að nýta sér lögin sem börnin hafa áhuga á í hljóðfærakennslu. Einnig verður komið inn á álit þeirra á þeim nótnabókum sem eru til fyrir byrjendur og hvort að það þurfi að bæta við það.

# Efnisyfirlit

<b>2. Tónlistarheimur barna</b>	<b>4</b>
2.1. Skemmtanagildi tónlistar	5
2.2. Tónlistarkennsla	5
2.3. Áhugi og æfing	6
<b>3. Rannsókn á tónlistarþekkingu barna</b>	<b>7</b>
3.1. Skólinn, heimilið og klassísk tónlist	8
3.2. Netíð, sjónvarp og kvikmyndir.	9
3.3. Hið vinsæla popp	10
3.4. Rökk og rapp	11
3.5. Áhugi á hljóðfærum	11
<b>4. Álit tónlistarkennara</b>	<b>12</b>
<b>5. Niðurlag</b>	<b>15</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>17</b>

## 1. Inngangur

Tónlist er list og mikilvægur hluti hvers samfélags og til í mörgum myndum. Tónlist hefur mikil áhrif á sálarlíf mannsins og hefur mátt til að endurspegla dýpstu og mestu tilfinningar manna.<sup>1</sup> Starf tónlistarkennarans er þess vegna mjög mikilvægt. Kennarinn þarf að kveikja hjá nemendum áhuga, fylla þau af ástríðu gagnvart tónlist og spilamenskunni sjálfri og koma í veg fyrir vélrænt spil. Þetta er mikilvægasta verkefni kennarans.<sup>2</sup> Það er engin ein rétt eða örugg leið til þess en lagaval kennarans hlýtur að skipta miklu máli.

Hugmyndin að þessari ritgerð kom þegar ég var beðin um að kenna níu ára gömlum dreng á píano í heilan vetur. Nemandinn var mjög áhugasamur um tónlist og einstaklega fljótur að læra að spila það námsefni sem sett var fyrir hann. Hann var samt misviljugur að spila lög og hikaði ekki við að segja álit sitt á þeim. Oftast fannst honum lög in í þeim kennslubókum og nótnaheftum, ætlaðar byrjendum, of barnaleg. Þau kveiktu engan áhuga á hljóðfærinu. Nemandinn bjó yfir mikilli þekkingu á tónlist og hafði sterkar skoðanir á hvaða lög hann vildi taka fyrir í kennslunni. Lög in voru af ýmsum toga, úr mismunandi tónlistarstílum og eftir mjög ólíka listamenn. Meðal laga sem hann vildi læra var til dæmis Uglu stefið úr Harry Potter kvikmyndunum, rapplög eftir Eminem, tölvuleikjatónlist, stef úr frægum sínfóníum, svo fátt eitt sé nefnt. Það var mjög erfitt og oftast ómögulegt að finna nótur með þessum verkum í útsetningum fyrir byrjendur. Þess vegna kom ekki annað til greina en að útbúa þær. Oft voru þessi lög með krefjandi rytma, flóknum nótum og kröfðust meiri samhæfni og tækni en önnur verkefni venjulega ætluð nemundum á þessu getustigi. Þrátt fyrir það átti nemandinn ekki erfitt með að læra þau og lagði sig mikið fram við það. Þess vegna leiddi ég hugann að þeim kennslu- og nótnabókum sem eru til fyrir byrjendur á píano. Þær eru vissulega nothæfar og góðar að mörgu leyti en mér finnst vanta nótur af lögum sem börn þekkja úr sínu umhverfi. Á árum áður var gefið út þó nokkuð af vinsælum lög in útsetningu fyrir byrjendur. Þær bækur eru flestar úreltar í dag þar sem börn nútímans þekkja ekki lög in. Umfjöllunarefni

---

1 Encyclopædia Britannica, 2013 sótt 3. október af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/398918/music>

<sup>2</sup>Carola Grindea, *The first 10 piano lesson: A new approach to piano teaching*, Oxford university press, 1964, bls. 1.

Þessarar ritgerðar er tónlistarþekking barna í dag, hvaða þættir hafa áhrif á þá þekkingu og hvernig tónlistarkennarar geta nýtt sér hana í einkakennslu á hljóðfæri.

Tónlist er mjög stór þáttur í lífi fólks. Flestir búa yfir einhverri þekkingu á tónlist og hafa miklar skoðanir á henni. Þrátt fyrir það er mjög vandasamt að kenna hana. Hljóðfærakennsla, sérstaklega í formi einkakennslu, hefur verið gagnrýnd fyrir að vera of formleg og stöðluð. Lagavalið þykir fremur einhæft og hæfir þess vegna einungis takmörkuðum hópi nemenda. Algengt er að nemendum, sérstaklega þeir sem eru á grunnskólaaldri, þyki lögin leiðinleg eða tengjast henni lítið. Megin ástæða þess er að þau þekkja hana ekki, það er að segja hún tengist ekki þeirra lífi og reynslu af tónlist. Hún er ekki þeirra eigin heldur er hún eign annarra. Sökum þess finnst þeim þau ekki eiga rétt á að tjá sig um hana og áhrif hennar á sig.<sup>3</sup> Þetta er aðal ástæða þess að börn tengja ekki tónlistina heima við tónlistina í skólanum. Þau tengja tónlistina heima við skemmtun og gleði en tónlistina í kennslu einungis við upplýsingar og nám.<sup>4</sup> Það er mjög algengt að unglingar og krakkar spili og hlusti á popptónlist sér til skemmtunar en klassíska tónlist einungis fyrir foreldra sína og kennara.<sup>5</sup> Þessu þarf að bæta úr og besta leiðin til þess er að tónlistarkennarar hlusti á sjónarmið barna og skoðanir þeirra á lögum og tónlist almennt. Þetta er líka góð leið til að tengjast hljóðfærinu sem þau læra á. Börn ættu að fá að tjá sig um það sem þeim viðkemur. Þetta er nauðsynlegt í tónlistarkennslu og til þess þurfa tónlistarkennarar að grennslast fyrir um tónlistarþekkingu barna og setja sig inn í þeirra tónlistarheim.<sup>6</sup>

---

<sup>3</sup> Shelly M Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, í *Application of research in music education*, vol. 28. nr. 2, maí 2010, bls 1-10, sótt 3 október af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=ac251d38-f9df-4cda...d=111&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGI2ZQ%3d#db=aph&AN=61308692>, bls 2-3.

<sup>4</sup> Nita Tetterman, *Children’s participation in music: connecting the cultural context-an austrian perspective*, Cambridge university press, 2005, bls 113-122.

<sup>5</sup> Nita Tetterman, sama rit, bls 113-115.

<sup>6</sup> Shelley M Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”. Bls 1-3.

## 2. Tónlistarheimur barna

Tónlistarsmekkur barna og fullorðinna er margslungið fyrirbæri og er mótaður úr mörgum ólíkum þáttum í umhverfinu. Börn eru yfirleitt með sterkar skoðanir á tónlist og tengjast oft öðrum krökkum á sama aldri í gegnum tónlistarsmekk. Börn hlusta einnig á tónlist með foreldrum og fjölskyldumeðlimum. Þau þróa samt fljótlega sjálfstæðan smekk sem er oft mjög ólíkur smekk foreldra þeirra. Því eru augljóslega margir aðrir þættir sem hafa áhrif á tónlistarsmekk þeirra. Þar af má nefna tónlistarstarfið í grunnskólanum, kennararnir, fjölmiðlar, netið og aðrir miðlar. Það hafa orðið mjög miklar tækninýjungar á undanförunum árum svo að tónlist er mun aðgengilegri en nokkru sinni fyrir.<sup>7</sup>

Fólk tilheyrir oft hópum sem syngja saman eða tekur þátt í einhvers konar athöfnum þar sem tónlist spilar stórt hlutverk.<sup>8</sup> Einn stærsti og mikilvægasti hópurinn sem fólk tilheyrir eru skólasamfélagið. Börn stunda skyldunám í grunnskólum landsins en þar fer fram hin hefðbundna tónlistarkennsla í formi tónmenntakennslu og söngstundar. Einnig taka krakkarnir þátt í uppsetningum á leikritum eða öðrum skemmtunum þar sem tónlist er mikilvæg. Einnig hafa börn kost á að sækja ýmis konar námskeið eða annað listnám í tónlistarskólum og öðrum samskonar stofnunum. Þetta tvennt ásamt tónlistarhúsum fellur undir hugtakið tónlistarstofnun.<sup>9</sup> Tónlistarstofnun á við um þær stofnanir sem byggjast á formlegum flutningi á tónlist eða almenna tónlistarkennslu. Margar rannsóknir sýna að þetta hugtak sé of þröngt og á að eiga við fleiri stofnanir og samtök en einungis skóla og tónleikahús. Fólk tilheyrir mörgum hópum eða söfnuðum þar sem iðkun tónlistar fer fram. Trúarsöfnuðir eru mjög gott dæmi um þetta. Í kirkjum er tónlist notuð við athafnir sem tengjast jólum, páskum, skírnum, giftingum svo eitthvað sé nefnt. Hver fjölskylda hefur líka sínar eigin tónlistavenjur.<sup>10</sup> Þar er bæði spiluð einhver ákveðin tónlist og einhverjir fjölskyldumeðlimir æfa jafnvel á hljóðfæri. Ef svo er, sérstaklega ef foreldri barns æfir á hljóðfæri, er mjög

---

<sup>7</sup> Vries, Peter de, „Research in music education”, í *Sempre: Society of education, music and psychology research*, vol. 33, no. 2, 2011. bls. 162-170, sótt 3 okóber 2012 af <http://rsm.sagepub.com/content/33/2/161>, bls 162-170.

<sup>8</sup> Renwick, James M. og Mcpherson, Gary E, *Interest and choice: student-selected repertoire and its effect on practising behavior*, Cambridge university press, 2002, bls. 173-185.

<sup>9</sup> Shelley M Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, bls 6-7.

<sup>10</sup> Shelley M. Griffin, sama rit, bls 4-7.

algennt og líklegra en ella, að barnið smitist af áhuganum og vilji líka læra að spila á hljóðfæri.<sup>11</sup>

Einnig geta aðrar fjölskylduvenjur eða aðstæður haft áhrif. Það er oft eitthvað í textanum í lögum sem krakkarnir tengja við það sem þau þekkja úr heimilshaldinu eða öðru í sínu umhverfi.<sup>12</sup>

## 2.1. Skemmtanagildi tónlistar

Tónlist er samt fyrir flesta fyrst og fremst dægrastytting og skemmtun. Hún er spiluð í útvarpinu, á netinu, sjónvarpinu, tónleikum, leikhúsum, plötubúðum og í öðrum verslunum. Einnig er kvikmyndatónlist sérstaklega áberandi í nútíma þjóðfélagi.<sup>13</sup> Fólk tengir ósjaldan lög við þær kvikmyndir sem að þau hljómuðu í, sérstaklega ef að þau heyrðust þar í fyrsta skiptið. Það sama má segja um sjónvarpsþætti.<sup>14</sup> Popptónlist er einn vinsælasti tónlistarstillinn í nútíma þjóðfélagi og er því mjög áberandi. Tæknin á mikinn þátt í að stuðla að því. Það má hlusta á hana í gegnum allskyns miðla en notkun á myndbandavefsíðum og tónlistarvefsíðum eins og Youtube er orðin mjög mikil.<sup>15</sup> Tónlist er líka til í formi leikja. Í gegnum tíðina hafa börn leikið sér í allskonar klappleikjum, hoppleikjum og fleiru. Í flestum þeirra er einhvers konar lag, ljóð eða rapp sungið með. Oft á tíðum er textinn, rytminn og laglínin mjög flókin og erfið. Þrátt fyrir þetta læra börnin þetta mjög auðveldlega. Ástæðan fyrir því er að þau kenna hvert öðru lögin og þess vegna festast þau auðveldlega í minni. Rannsóknir sýna að það getur verið sniðugt að innleiða þetta í tónlistarkennslu, það er að segja leyfa börnunum að kenna hvert öðru lögin sem þau spila.<sup>16</sup>

## 2.2. Tónlistarkennsla

Tónlistarkennsla er mjög mikilvæg og þarf þess vegna að vekja áhuga barna. Í einkakennslu er mikilvægt að tónlistarkennarar þekki tónlistarheim barna til þess að skilja betur þekkingu þeirra á tónlist og hvernig tónlistarsmekkur þeirra hefur

---

<sup>11</sup> James M. Renwick og Gary Mcpherson, „Interest and choice: student-selected repertoire and its effect on practising behaviour”. Bls 176-177.

<sup>12</sup> Peter de Vries, „Research in music education”, bls 168-169.

<sup>13</sup> Shelly M. Griffin, „Inquiring into children’s music experiences”, bls 2, 6-7.

<sup>14</sup> Peter d Vries, „Research in music education”, bls 171.

<sup>15</sup> Griffin, Shelly M, „Through the eyes of children: Telling insight into music experiences”, í *Visions of research in music education*, nr 18, 2011, sótt 3 október. 2012 af <http://www-usr.rider.edu/vrme/>, bls 2-4.

<sup>16</sup> Shelly M Griffin, „Inquiring into children’s music experiences”, bls 4-7.

mótast.<sup>17</sup> Ástæða þess er að rót áhuga og hvata barna til að sækjast eftir frekari þekkingu og jafnvel formlegu tónlistarnámi liggur í þeirri tónlist sem þau þekkja og njóta nú þegar.<sup>18</sup> Starf tónlistarkennarans á ekki að byggjast á því að kenna börnum hvað þau eiga að hlusta á og hvað ekki. Tilgangur þeirra er að auka við þekkingu þeirra og reynslu með því að kynna þeim fyrir einhverju nýju út frá því sem þau þekkja af eigin reynslu af tónlist. Með þessu móti má brúa bilið milli tónlistarinnar í náminu og tónlistarinnar heima fyrir og í umhverfi þeirra. Einnig munu tónlistarkennarar fá betri sýn á þá þekkingu og áhuga sem börnin búa nú þegar yfir.<sup>19</sup> Kennarinn þarf að búa til fjölbreyttan verkefnalista sem samanstendur af verkum og lögum úr mismunandi stílum. Verkefnin þurfa líka að hafa skýran tilgang, vera í samræmi við þau markmið sem nemandinn og kennarinn hafa ákveðið saman og vekja áhuga nemandans.<sup>20</sup>

### 2.3. Áhugi og æfing

Áhugi nemandans er eitt mikilvægasta atriðið í tónlistarnámi. Nemendur sem hafa áhuga á efni sem tekið er fyrir í tímum eru líklegri til að standa sig betur, einbeita sér og njóta þess mun betur en ef að þau hafa ekki áhuga.<sup>21</sup> Lagavalið kemur líka inn á áhuga þeirra. Það þykir ekki æskilegt að neyða nemendur til þess að læra efni sem þau hafa ekki gaman af. Það getur leytt til þess að þau verði áhugalaus og missi metnaðinn fyrir náminu. Þetta sýnir sig oft í aðgerðaleysi nemenda.<sup>22</sup> Algengt er að börn eru dugleg að æfa uppáhalds verkin sín en sleppa að æfa hin því að þeim finnst þau leiðinleg. Þess vegna gæti reynst vel að leyfa börnum að taka þátt í valinu á verkefnum sínum. Þegar þau fá eitthvað að segja um námið sitt eru þau oft þolinmóðari, viljugri til að takast á við tæknileg vandamál og duglegri við að æfa sig á hljóðfærið. Þá breytast æfingarnar við hljóðfærið frá því að vera vinna eða heimaverkefni í hina fínustu skemmtun. Nemendum finnast það þá hvetjandi, krefjandi en samt skemmtilegt. Þau tengjast þeim sterkari böndum en önnur verk sem

---

<sup>17</sup> Shelly M Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, bls 6-7.

<sup>18</sup> Shelly M Griffin, sama rit, bls 4-5 og 6-8.

<sup>19</sup> Shelly M. Griffin, sama rit, bls 1-2.

<sup>20</sup> Shelly M. Griffin, sama rit, bls 3.

<sup>21</sup> James M. Renwick og Gary Mcpherson, „Interest and choice: student-selected repertoire and its effect on practising behaviour”, bls 175-177 og 185.

<sup>22</sup> Shelly M. Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, bls 6-7.



þau spila.<sup>23</sup> Það má líka gera ráð fyrir að ef þau þekkja lögin sem þau læra þá eru þau fljótari að ná þeim og þess vegna er hægt að kenna þeim erfiðari lög. Ástæðan fyrir því er að fólk lærir og heyrir mikið flóknari rytma mynstur og erfiðari laglínur í sínu daglega lífi en lögin sem kennd eru byrjendum í einkakennslu.<sup>24</sup>

Þegar reynt er að koma til móts við þau á þennan hátt verða kennsluáferðirnar auðveldari og börnin móttækilegri fyrir nýjum verkefnum og áskorunum. Af þessu má álykta að ef börn fá alltaf verkefni sem þeim finnast skemmtileg þá æfa þau sig meira og þá er líklegra að þau nái meiri árangri. Það er líka meiri líkur á að þau haldi áfram að spila verkin og kunni þau þó að kennarinn sé hættur að fara yfir þau með þeim í einkakennslu. Samt sem áður hafa margar rannsóknir sýnt að meirihluti einkakennara kennir einungis eftir nótum og velur að mestu leyti bara verkefni úr hefðbundinni námsskrá.<sup>25</sup>

### **3. Rannsókn á tónlistarþekkingu barna**

Eftir reynslu höfundar sem kennara var ákveðið að rannsaka hverskonar tónlist félli í kramið hjá börnum nútímans og í gegnum hvaða miðla eða aðila þau kynnst henni. Það voru tekin viðtöl við níu börn sem eru í 5. bekk í grunnskóla, fimm drengi og fjórar stúlkur. Ekkert af þeim stundar tónlistarnám, hvorki í formi einkakennslu né hópkenndu, það er að segja, fyrir utan tónmenntakennsluna í grunnskólanum.

Öll börnin höfðu gaman af einhvers konar tónlist og flest þeirra höfðu mjög ákveðnar skoðanir á henni. Þau voru mestmegnis ófeimin að tjá sig um skoðun sína á lögum og tónlist yfir höfuð. Það var þó mjög áberandi kynjamunur. Drengirnir tjáðu sig meira og voru ákveðnari en stúlkurnar voru hlédrægari. Þau hlustuðu bæði á íslenska sem erlenda tónlist en sú erlenda var þó meira áberandi. Það voru tvö börn sem nefndu enga íslenska listamenn og eitt barn sem mundi ekki nafnið á neinum erlendum listamanni en sagðist samt hlusta á erlenda tónlist.

---

<sup>23</sup>James M Renwick og Gary E Mcpherson, „Interest and choice: student-selected repertoire and its effect on practising behaviour”, bls 173-174 og 186.


<sup>24</sup> Shelly M. Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, bls 6-7.

<sup>25</sup> Shelly M. Griffin, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, bls 5.

Það er greinilegt að börnin höfðu þróað með sér sjálfstæðan tónlistarsmekk. Það var mjög sjaldgæft að þau nefndu tvö eða fleiri sömu listamennina eða lagið. Í þeim tilfellum voru það oftast lög sem voru sérstaklega áberandi á árinu, eins og sigurlagið í Eurovision og titillag James Bond. Það var erfitt að grennslast fyrir um hvað það væri, að þeirra mati, sem gerir lög skemmtileg og hvað gerir þau leiðinleg. Sum þeirra nefndu þó að nauðsynlegt væri að lögin væru fjörug og með góðum takti. Eitt barnið sagði að ef það er ekki fjörugt þá þarf allavega að vera dramatík í því. Einnig er greinilega að börn fylgjast mjög vel með tónlistinni í kringum sig. Allir tónlistarmennirnir sem þau nefndu urðu nýlega frægir. Það var enginn sem nefndi tónlistarmenn sem urðu vinsælir á síðustu öld, að undanskildum fáeinum íslenskum söngvurum.

### 3.1. Skólinn, heimilið og klassísk tónlist

Börnin hlustuðu á tónlist í gegnum marga mismunandi aðila og miðla. Það var tónlist heima hjá þeim, í skólanum, á dansæfingum, í sjónvarpinu, útvarpinu, netinu og í gegnum tölvuleiki.



Mynd 1: Börnin hlusta á tónlist í gegnum þessa miðla

Í skólanum var það einungis hin hefðbundna tónmenntakennsla. Börnin töluðu ekki mikið um hana en ef þeir gerðu það þá var það yfirleitt á neikvæðum nótum. Fjórum nemendum fannst lögin vera mjög leiðinleg og óspennandi. Sum þeirra töluðu um að það væri eingöngu tekin fyrir íslensk og ungersk þjóðlagatónlist og svo lög eftir Sigvalda Kaldalóns en það er efni sem þeim finnst ekki skipta neinu máli. Einnig voru nokkur börn sem sögðu að það væri yfir höfuð lítið sungið í tónmennt. Það væri aðallega lesið fyrir þau.

Það voru óvenju fáir sem nefndu heimilið en það má gera ráð fyrir að þar sé spiluð einhvers konar tónlist á flestum heimilum, eins og í útvarpinu og fleira. Það var

einungis eitt barn sem átti foreldri sem var að læra á hljóðfæri. Það barn syngur oft hvar sem er, meðal annars í skólanum, þó að ekkert tilefni sé til þess. Hann á mikið af uppáhaldslögum og uppáhalds hljómsveitum. Það var annað barn sem átti tvo fjölskyldumeðlimi sem fíktuðu á hljóðfæri, þó að þau hefðu aldrei æft. Sá hinn sami átti líka foreldri sem vinnur í útvarpinu. Þetta barn hafði miklar skoðanir á tónlist og lýsti lögnum með miklum eldmóði og af þó nokkurri þekkingu. Hér sést augljóslega tenging á milli tónlistariðkunar á heimilinu og áhuga barns á henni.

Klassísk tónlist virðist ekki mjög vinsæl meðal barna, það er að segja fyrir utan kvikmyndatónlistina. Það var auðsýnilegt að flest þeirra vissu mjög lítið um hana og mörg hver misskildu hugtakið klassísk tónlist. Þau virtust halda að merkingin væri vinsæl eldri lög eða sígíld popp lög. Þegar útskýrt var fyrir þeim hvað klassísk tónlist væri sögðu flest þeirra að hún væri leiðinleg eða að þau hlustuðu ekki á hana. Það voru hinsvegar þrjú börn sem þekktu til hennar. Eitt þeirra hlustaði á hana þegar einn meðlimur fjölskyldunnar æfði á fiðlu og svo voru tvö önnur sem æfðu dans þar sem oft er spiluð klassísk tónlist. Eitt þeirra vildi endilega læra þau lög á píanó, sökum þess að hún þekkti þau svo vel. Hitt barnið sagðist vilja læra eitthvað af því en ekki valsana vegna þess að þeir væru ekki nógu fjörugir né kraftmiklir.

### **3.2. Netið, sjónvarp og kvikmyndir.**

Það er greinilegt að netið og tölvunotkun er stór þáttur í lífi barna í nútíma þjóðfélagi. Það voru fimm börn sem notuðu mikið vefsíðuna Youtube í leit að tónlist. Oft á tíðum var leitað með eitthvað ákveðið í huga en stundum var verið að prófa sig áfram. Þannig fann eitt barnið rapparann Matti B raps. Einnig sögðu tvö þeirra að systkini þeirra eða foreldrar væru oft að sýna þeim einhverja tónlistarmenn eða lög í gegnum Youtube. Það má líka gera ráð fyrir að þau séu að segja frá og sýna hvert öðru einhver myndbönd en þau töluðu samt ekkert um það. Sjónvarpið og kvikmyndir eru mjög áberandi í daglegu lífi barna og þau heyra mikla tónlist þar. Vinsældir bíómynda virðast skipta máli því að þrír nefndu Skyfall með söngkonunni Adele en það er titillag nýjustu James Bond myndarinnar. Þetta er eina lagið í rannsókninni sem fleiri en 2 börn nefndu sameiginlega. Einnig var einn sem hafði lært á píanó áður sem að það sérstaklega um stefið úr Harry Potter myndunum og Simpsons þáttunum. Það var líka annar sem talaði um að það væri gaman að læra stefið úr Harry Potter kvikmyndunum. Krakkar horfa líka á söngvakeppnir eins og Eurovision. Þau tóku

fram nokkur lög þaðan sem þeim fannst skemmtileg. Flestir nefndu sigurlagið í ár sem heitir Euphoria og er flutt af Loreen frá Svíþjóð. Einnig voru lögina Popular með Eric Saade frá Svíþjóð, La la love með Ivi Adamou frá Kýpur, Stattu upp með Bláum ópal, Hjartað brennur með Regínu Ósk og Never forget með Gretu Salóme og Jónsa sem var íslenska Eurovision lagið árið 2012. Einnig var ein sem sagðist horfa á X factor keppnina og að það væru skemmtileg lög í henni en hún gat ekki gefið dæmi.

### 3.3. Hið vinsæla popp

Taflan hérna fyrir neðan sýnir hvaða tónlistarstílar njóta vinsælda meðal barna. Af henni má sjá að popptónlist


er greinilega vinsælust.

Það eru margar ástæður fyrir því og má áætla að vinsældir þessa stíls í samfélaginu hafi eitthvað með það að gera.

Popptónlist er mjög mikið spiluð í útvarpi og sjónvarpi. Börnin nefndu marga popp- tónlistarmenn

sem voru mikið í áheyrn hjá þeim eða í uppáhaldi. Þeir

tónlistarmenn eru Monsters and men, Hvannadalsbræður, Retro Stefson, Rihanna, Mohombi, Jennifer Lopez, Machlemore, Ingó, Bruno Mars, Ásgeir Trausti, Bubbi og Páll Óskar, Maroon five, Travis, Flo rida, Mohombi, Adele. Það voru líka nokkur lög sem börnin tóku sérstaklega fram að væru skemmtileg. Þau lög heita Payphone með Maroon five, Rain on me með Pitbull, Whistle baby með hljómsveitinni Flo rida, Hjartað brennur með Regínu Ósk, Gangman style, Argentína, Romeó og Júlía og Bubba, Glow með Retro Stefson, Bumby ride með Mohombi, Stattu upp með Bláum Ópal, Vinsæll með Hvannadalsbræðrum, On the floor með Jennifer Lopez og Mirrors með Lil Wayne og Bruno Mars. Einnig, eins og kom fram áðan, voru nokkur Eurovision lög nefnd, en þau má öll flokka sem popplög.




Mynd 2: Vinsælir tónlistarstílar

### 3.4. Rokk og rapp

Rokk er ekki vinsælt meðal barna í dag. Það var einungis eitt barn sem sagðist hlusta stundum á rokk en hann gat ekki nefnt neinn listamann þó að hann sagðist kannast við Queen eftir að hafa heyrt hljómsveitina nefnda. Tvö börn sögðust ekkert hlusta á rokk og hjá öðrum barst ekki sá tónlistarstíll til tals. Hinsvegar er rapp nokkuð vinsælt meðal barna. Það var þó mjög umdeilt. Það voru þrír sem sögðust alls ekki hlusta á rapp og þrír sem töluðu ekkert um stílinn neitt sérstaklega. Þeir þrír sem standa eftir hlustuðu mikið á rapptónlist. Þá nefndu þau listamennina Machlemore, LMFAO og Matti B raps, en hann er frægur á netinu. Þau lög sem krakkarnir töluðu sérstaklega um heita Thrift shop með Machlemore og Party rock með Bruno Mars og LMFAO. Það er víst mjög vinsælt form í dag að blanda saman poppi og rokki og það virðist virka vel. Það var til dæmis eitt barn sem sagðist alls ekki hlusta á rapp en honum fannst On the floor með Jennifer Lopez virkilega skemmtilegt en í því lagi er rappað líka.

### 3.5. Áhugi á hljóðfærum

Þessi tafla sýnir hljóðfærakunnáttu og áhuga barnanna. Það voru þrjú börn sem höfðu áður lært á eitthvað hljóðfæri, og var það píanó. Ein af þeim hætti vegna þess að hún hafði ekki tíma til þess að sinna þessu almennilega og líka vegna þess að hún vildi læra eitthvað nýtt. Hin tvö hættu, að mestu vegna áhugaleysis. Eitt þeirra sagði að lögin höfðu yfirleitt verið leiðinleg vegna þess að hann kannaðist ekki við þau eða þá að þau voru of hæg. Hinu barninu fannst ágætt fyrstu önnina því að þá



Mynd 3: Áhugi á hljóðfærum


fékk hann að læra lög sem hann vildi læra, eins og til dæmis stefið úr Harry Potter myndunum og Simpsons þáttunum. Það breyttist á næstu önn. Honum leist ekki á lögin sem kennarinn kom með. Þau voru ólík þeim sem hann fékk áður og hann tengdi ekki við þau. Einnig fór kennarinn að koma með nótur og leist nemandanum

ekki vel á það. Það var svo eitt barn sem æfði sönglist. Hún hætti í því og ástæðan sem hún gaf var líka að lögin sem sungin voru höfðu ekki til hennar. Hún taldi þau of barnaleg og ekki nógu fjörug fyrir sig.

Tvö börn sýndu áhuga á að læra á hljóðfæri. Eitt þeirra vildi læra á píanó. Hún var mjög feimin í viðtalinu og vildi lítið tjá sig en það kom fram að hún væri til í að læra barnalög og lög með Páli Óskari á píanóið. Það má líka bæta því við að eitt barnanna sagðist vilja verða óperusöngvari vegna þess að hann væri alltaf að syngja óperur. Það var þó ekki mikil alvara í því. Að lokum voru tvö börn sem töluðu um að þau glömrðu stundum á hljóðfæri þó að þau hefðu ekki lært neitt. Eitt barnið sagði að það hefði verið verkefni í skólanum þar sem þau ættu að búa til verka með mörgum ólíkum hljóðfærum. Hitt barnið sagðist hafa fengið píanó í afmælisgjöf og væri stundum að spila á það og það væri meðal annars gaman að spila Gamla Nóa.

#### 4. Álit tónlistarkennara

Tilgangur þessarar könnunar var að rannsaka álit tónlistarkennara á því námsefni sem til er fyrir byrjendur á hljóðfæri og hvort að þeir telji sniðugt að nýta sér útsetningar á lögunum sem krakkarnir nefndu í rannsókninni fyrir ofan. Tónlistarkennararnir kenndu allir í tónlistarskólum og tóku nemendur sína í einkatíma. Það var hannaður spurningalisti og sendur á starfandi tónlistarkennara víðsvegar um landið. Það




Mynd 4: Skiptingin

var hinsvegar ekki mikil þátttaka og einungis ellefu kennarar sem svöruðu spurningunum. Eins og sést á töflunni hér til hliðar eru fimm af þeim píanókennarar, einn er tréblásturskennari, tveir

eru gítarkennarar, einn málmblásturskennari og svo er einn sem er gítar-, flautu- og píanókennari.


Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig tónlistarkennarar myndu nýta sér nótnasafn gert úr lögnum og listamönnunum sem börnin nefndu í rannsókninni hér fyrir ofan, það er að segja lög úr tónlistarheimi þeirra. Meirihluti þeirra myndi leyfa krökkunum að spila það með öðru námsefni en ekki leggja of mikla áherslu á þau. Einn af



Mynd 5: Nýting laga

píanókennurinum vildi leyfa þeim að spila þau aukalega ásamt öðru námsskrá og vildi heldur ekki leggja sérstaklega áherslu á þau. Hún sagði að þegar nemendur biðja um mikið af popp lögum er það vísir á áhugaleysi og yfirleitt hætta þeir nemendur í námi. Þar af var samt einn sem skrifaði líka að það væri mjög sniðugt að nýta sér það efni til þess að láta þau spila eftir eyranu.

Tveir kennarar myndu leyfa þeim að spila mörg þannig lög. Þeir tveir voru ósammála um á hvaða stigi það væri best. Einn vildi nýta sér þannig lög sérstaklega með byrjendum en hinn kennarinn taldi ekki sniðugt að láta byrjendur spila of mikið af þess konar lögum. Báðir gítarkennararnir sögðust endilega vilja nýta sér þannig efni en útsetningin þyrfti að vera góð. Einn þeirra talaði sérstaklega um nauðsyn þess að að koma til móts við væntingar ungs nemanda þegar hann væri að byrja að læra á hljóðfærið og leyfa honum að spila þau lög sem hann þekkti í staðinn fyrir að þvinga á hann einhverjum fingraefingum og öðrum verkum sem hann þekkir ekki til. Hinsvegar taldi hann ekki sniðugt að gefa út þannig nótnasafn því að lögini þar yrðu fljótt úrelt þar sem eftir fáein ár eiga flest lögini þar eftir að gleymast.



Mynd 6: Álit kennara á nótna- og kennslubókum fyrir byrjendum

Þessi tafla sýnir hvað tónlistarkennurum finnst um þær kennslubækur og nót nabækur sem eru til fyrir byrjendur á hljóðfæri. Það var einn píanókennari sem merkti við þrennt. Að hans mati innihalda bækurnar sem eru í boði fin lög, vekja áhuga barna og góðar til þjálfunar á nótalestri og fleira. Hinsvegar sagði hann líka að það vantaði nótñasafn af lögum sem krakkar þekkja úr sínu eigin umhverfi.

Það voru margir sammála því, þar á meðal einn píanókennari. Tveir af þeim kennurum sem merktu við annað töluðu um það sama. Álit eins var að lög in væru orðin of gamaldags svo það er mjög algengt að börn á grunnskólaaldri finnast þau ekki skemmtileg. Endurnýjun er þess vegna nauðsynleg. Hinum fannst líka vanta lög sem börnum finnast skemmtileg en hann sagði að það væri erfitt að halda í við vinsældir laga því að það er svo síbreytilegt. Það þyrfti þá að endurnýja efni á tveggja ára fresti.

Þriðji aðilinn sem merkti við annað talaði um að það væri erfitt að útsetja svoleiðis lög en ef að það tækist að gera það á sannfærandi hátt myndi hann taka vel í það. Fjórði aðilinn sagði að kennslubækurnar væru yfirleitt góðar en annars væri hægt að



finna allskonar nótur af popptónlist á netinu sem væri hægt að nýta sér líka. Þar að auki voru tveir tónlistarkennarar sem töldu að bækurnar fyrir byrjendur væru finar fyrir yngri byrjendur en of barnalegar fyrir þá eldri. Það má þess vegna álykta að þeim finnst vanta efni sem höfðar til eldri byrjenda. Að lokum var einn kennari sem þótti bækurnar góðar og vöktu áhuga barna en á sama tíma oft of barnalegar fyrir byrjendur. Hann sagði einnig að það vantaði nótur af lögum sem krakkar hefðu gaman af og nefndi þá, eins og fleiri gerðu, að það væri hægt að finna nótur á netinu en þá þarf að vinna við að tónflytja og útsetja lögin. Það voru tveir kennarar sem vildu ekki svara spurningunni.

Í stuttu máli eru tónlistarkennarar ánægðir með þær kennslubækur sem til eru en langflestum finnst skortur á efni sem börnin þekkja og eru vinsæl meðal þeirra. Mjög margir tónlistarkennarar töluðu líka um að það væri mögulegt að finna alls konar efni á netinu og þeir nýttu sér það til að finna efni sem höfðar meira til nemenda sinna.

## **5. Niðurlag**

Í rannsókn minni lagði ég spurningar fyrir börnin en sú aðferð var ekki alveg gallalaus. Börnin misskildu stundum spurningarnar og þá fékkst ekki rétt svar upp úr þeim. Þau voru samt í flestum tilfellum óhrædd við að tjá sig og töluðu mjög opinskátt um skoðanir sínar. Fyrir tónlistarkennarana var lagður spurningalisti. Spurningarnar þar voru nokkuð góðar en þáttakan var mjög slæm þannig að niðurstaðan er ekki marktæk. Þrátt fyrir það tel ég þennan kafla áhugaverðan þar sem hann gefur til kynna álit og mat starfandi tónlistarkennara.

Tónlistarþekking barna er mjög fjölbreytt. Það kemur ekki á óvart hvernig og hvar krakkarnir hlustuðu á tónlist. Þau nefndu það sama og kom fram í erlendum rannsóknum. Mikilvægustu áhrifaþættirnir á tónlistarsmekk þeirra eru jafnaldrar, netið, kvikmyndir, sjónvarp og útvarp. Tækninýjungarnar eru svo margar að það er auðvelt fyrir þau að fylgjast vel með þeim tónlistarmönnum sem eru að koma fram í þjóðfélaginu. Vinsælasta tónlistin er popptónlist og nefndu þau oftast popptónlistamenn sem voru mest í spilun þetta árið. Börn virðast ekki hlusta mikið á eldri popptónlistarmenn eða eldri tónlist yfirleitt. Rapptónlist var líka nokkuð vinsæl hjá börnunum en ekki rokktonlistin, enda er lítið sem ekkert um nýjar rokk hljómsveitir. Vinsældir kvikmynda og þátta spila líka inn á áhuga þeirra og þá sérstaklega

kvikmyndir. Eurovision og titillag James Bond er þessu til sönnunar. Tónlistin í skólanum fellur ekki í kramið hjá þeim vegna þess að eins og heimildir sögðu áður þá er tónlistin í skólanum vinna en ekki skemmtun. Það sem virðist erfitt í einkakennslu er að finna efni sem höfðar til vilja og þarfa barna. Allir krakkarnir sem höfðu lært á hljóðfæri eða söng hættu vegna þess að þeim fannst lögin sem þau lærðu þar leiðinleg. Þetta verður erfiðara eftir því sem byrjendurnir eru eldri því að þá fara þau að gera meiri kröfur til sín og kennarans.

Þetta sýnir mikilvægi þess að tengja saman tónlistina sem krakkarnir hlusta á við námið þeirra. Rannsóknir sýna að börnin tengja tónlistina í skólanum við strit og erfiði en tónlistina heima við gleði og skemmtun. Það væri áhrifaríkast og arðbærast ef það væri hægt að tengja þetta tvennt saman. Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Eins og kom fram áður þá sýna börnin meiri virkni ef þau hafa áhuga á því efni sem þau eru að læra. Þá eru þau duglegri að æfa sig og þess vegna fljótari að ná tökum á lögunum. Einnig þá eru lögin aðgengilegri fyrir þau vegna þess að þau eru úr þeim heimi sem þau þekkja. Það er líka mikilvægt að nýta sér lögin sem börnin þekkja til að láta þau spila eftir eyranu og fá útrás fyrir spilagleðina.

Tónlistarkennarar eru ekki á sama máli um nýtingu á vinsælu efni. Rúmlega Helmingur kennara vildi bara nota þau lög aukalega og ekki leggja áherslu á þau en hinn helmingurinn taldi nauðsynlegt að koma til móts við þeirra áhuga og leyfa þeim að spila fleiri þannig lög. Flestir voru þó sammála um að það þyrfti nýrra og meira efni fyrir eldri byrjendur, sem sýnir að tónlistarkennarar eru opnir fyrir nýju efni og þykir þörf á því. Ég tel að það væri hægt að nýta sér sambærilegt efni mikið meira en gert er núna. Ástæða þess er að börnin tengja tónlistina heima við skemmtun en tónlistina í skólanum við vinnu og strit. Þess vegna er nauðsynlegt að kennarar kynni sér tónlistarþekkingu þeirra og áhuga til þess að skilja betur hvernig smekkur þeirra hefur mótast. Einnig tel ég gott að þjálfar þau í að spila eftir eyranu með þessum lögum eins og einn kennarinn benti á í könnuninni.

## Heimildaskrá

- Griffin, Shelly M, „Inquiring into children’s music experiences: Groundings in literature”, í *Application of research in music education*, vol. 28, nr. 2, maí 2010, bls 1-10, sótt 3 október af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=ac251d38-f9df-4cda...d=111&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbGI2ZQ%3d#db=aph&AN=61308692>
- Griffin, Shelly M, „Through the eyes of children:Telling insight into music experiences”, í *Visions of research in music education*, nr 18, 2011, sótt 3 október. 2012 af <http://www-usr.rider.edu/vrme/>.
- Grindea, Carola, „The first 10 piano lesson: A new approach to piano teaching”, Oxford university press, 1964, bls 1.
- Music*, í Encyclopædia Britannica, 2013, sótt 3. oktbóker af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/398918/music>
- Renwick, James M. og Mcpherson, Gary E, *Interest and choice:student-selected repertoire and its effect on practising behavior*, Cambridge university press, 2002.
- Tetterman, Nita, *Children’s participation in music:connecting the cultural context-an austrian perspective*, Cambridge university press, 2005.
- Vries, Peter de, „Research in music education”, í *Sempre: Society of education, music and psychology research*, vol. 33, no. 2, 2011. bls. 162-170, sótt 3 okóber 2012 af <http://rsm.sagepub.com/content/33/2/161>

# Viðauki 1

## Spurningarnar sem voru lagðar fyrir börnin.

Hvar hlustar þú á tónlist?

Hvernig tónlist hefur þú gaman af ?

Áttu einhverja uppáhalds hljómsveit, söngvara eða söngkonu?

Áttu uppáhalds lag?

Hefur þú gaman af að syngja?

Hlustar þú á íslenska tónlist?

Hlustar þú á erlenda tónlist?

Hefuru æft á hljóðfæri? Ef svo er af hverju hættir þú?

Hefuru áhuga á að læra á hljóðfæri?

Er einhver í fjölskyldunni þinni, eða heima hjá þér sem æfir á hljóðfæri?

Hvernig tónlist finnst þér leiðinleg?

Hvernig lög myndir þú vilja læra á hljóðfæri?

Er mikið um tónlist í kringum þig?

## Viðauki 2

### Tónlistarheimur barna

Þessi rannsókn snýst um tónlistarkennslu og hvort að sé sniðugt að koma til móts við tónlistaráhuga barna í einkakennslu. Í haust voru tekin viðtöl við krakka í 5 bekk í grunnskóla um tónlistarsmekk og áhuga þeirra. Þau nefndu öll marga mismunandi listamenn og mörg lög í ólíkum stílum. Meðal laga sem eru vinsæl meðal barna í dag eru flest löggin með Adele, Páli Óskari og Rihönu, nokkur lög eftir Bruno Mars, Gangman style, on the floor með Jennifer Lopez, Ingó, Regína Ósk, Eurovision lög, Of monsters and men, rapplög og margt fleira.

Ég vann við einkakennslu í 1 ár, áður en nemandinn flutti til útlanda, og mér fannst oft erfitt að finna efni sem höfðaði til hans áhuga og þekkingu um tónlist. Það endaði oft á því að ég skrifaði nótur niður fyrir löggin sem hann sýndi mér á youtube. Ég notaði auðvitað kennslubækur og nótanabækur sem þegar voru til fyrir byrjendur en lenti oft í því að hann sýndi engan áhuga á að læra þau. Þess vegna fór ég að hugsa hvort að það væri ekki komin tími til að endurnýja og bæta við nótnasafnið fyrir byrjendur, sérstaklega þá sem eru aðeins eldri.

Þessar spurningar eru yfirleitt hugsaðar fyrir byrjendur á hljóðfæri sem eru á grunnskólaaldri. Þá var ég að hugsa í kringum 9 ára og eldri. Merktu við það sem best við á.

#### Ég vinn sem:

Píanókennari

Flautukennari

Gítarkennari

Fiðlukennari

Sellókennari

Annað: hvað? \_\_\_\_\_

**Hvaða staðhæfing á best við þig : ef ég byggi til til nótnasafn fyrir byrjendur með útsetningum af lögum eftir listamennina sem nefndir voru áðan, Adele, Páli Óskari og Rihönu, nokkur lög eftir Bruno Mars, Gangman style, of monesters and men o.s.frv.**

Ég myndi aldrei nýta mér svoleiðis efni við einkakennslu á hljóðfæri

Ég myndi ef til vill velja eitt af þeim lögum, ásamt öðru námsefni sem er á námsskránni

Ég myndi leyfa nemanda mínum að spila þau aukalega en aldrei leggja áherslu á þau

Ég myndi velja mörg lög úr þeirri bók, sérstaklega þegar nemandi er nýbyrjaður í námi

Ég myndi ekki velja lög úr svoleiðis bók þegar nemandinn er rétt að byrja að læra á hljóðfæri

Ég myndi láta hann læra þau eftir eyranu

Ég myndi nota þær til að þjálfa nótнаlestur

Annað:

---

---

**Ég tel að þær námsbækur og nótнаsöfn sem eru til fyrir byrjendur á hljóðfæri, t.d. píanóbækur Björgvins og Albert basic piano lessons o.fl:**

Mjög góðar og vekja áhuga barna

Mjög vel upp settar, þægilegar í notkun en vekja oft litla hrifningu meðal nemanda minna

Oft of barnalegar fyrir eldri byrjendur á grunnskólaaldri en mjög góðar fyrir yngri byrjendur

Það vantar nótur af lögum sem börnin hafa gaman af

Leggja of mikla áherslu á nótнаlestur en ekki spilamennskunni sjálfri

Innihalda fín lög og vekja áhuga langflestra sem ég kenni

Það vantar nótur af lögum sem krakkar þekkja úr því umhverfi sem þau hrærast í

Eru mjög vel hugsaðar, bæði góðar í að þjálfa nótнаlestur, gefa þeim útrás fyrir spilagleði og tengjast við hljóðfæri sitt

Annað

---

---